

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjar Pykkvabæjar í Djúpárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Djúpárhrepps, þann 22. júní 2000, samþykkt deiliskipulag sem nær yfir miðbæ Pykkvabæjar í Djúpárhreppi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Pykkvabæ, 21. júlí 2000.

Heimir Hafsteinsson oddviti.

Nr. 568

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999.

Rekstrarreikningur árið 1999

Tekjur:	Kr.
Framlag ríkissjóðs	
4.337.040.352	
Framlag sveitarfélaga	2.659.254.212
Tekjur alls	<u>6.996.294.564</u>
Gjöld:	
Bundin framlög	804.742.256
Sérstök framlög	736.032.047
Jöfnunarframlög	1.766.029.233
Húsaleigubætur	284.642.786
Jöfnunarframlög til grunnskóla	2.611.237.995
Stofnkostnaðarframlög	400.000.000
Framlög samtals	<u>6.602.684.317</u>
<i>Rekstrarkostnaður:</i>	
Laun og launatengd gjöld	12.145.157
Önnur gjöld	4.022.330
Rekstrarkostnaður samtals	<u>16.167.487</u>
Gjöld alls	<u>6.618.851.804</u>
Tekjuafgangur án fjármagnsliða	377.442.760
<i>Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)</i>	<u>138.269.963</u>
Tekjuafgangur	<u><u>515.712.723</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1999**Eignir:**

	Kr.
<i>Veltuffjármunir:</i>	
Skammtímakröfur:	
Ríkissjóður	101.440.000
Áfallnar vaxtatekjur	96.313.346
Aðrar skammtímakröfur	19.204.269
Skammtímakröfur samtals	<u>216.957.615</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>1.037.944.781</u>
Eignir alls	<u>1.254.902.396</u>

Skuldir og eigið fé:

<i>Eigið fé:</i>	
Eigið fé í ársbyrjun	227.519.235
Tekjuafgangur	<u>515.712.723</u>
Eigið fé samtals	<u>743.231.958</u>
 <i>Skammtímaskuldir:</i>	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	9.631.335
Óhafin framlög	381.839.920
Aðrar skammtímaskuldir	<u>120.199.183</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>511.670.438</u>
Skuldir samtals	<u>511.670.438</u>
<i>Skuldir og eigið fé alls:</i>	<u>1.254.902.396</u>

Sjóðstreymi árið 1999

	Kr.
Framlag rekstrar:	
Tekjuafgangur	515.712.723
 Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:	
Skammtímakröfur (hækkun)	(53.608.301)
Skammtímaskuldir (lækkun)	<u>44.933.430</u>
Breyting samtals	<u>(8.674.871)</u>
Handbært fé frá rekstri	507.037.852
Handbært fé í ársbyrjun	<u>530.906.929</u>
<i>Handbært fé í árslok</i>	<u>1.037.944.781</u>

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðherra.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 14. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á

ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 17. júlí 2000.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Sveinn Arason
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Áfallnar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru færðar til tekna í bókhaldi á því ári sem þær tilheyra án tillits til hvenær þær eru innleystar. Með sama hætti eru áfallin bundin framlög og skuldbindingar færð á því ári sem þau tilheyra án tillits til greiðslu.

Á árinu 1999 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 515.713 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 1999 var 743.232 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999 með áritun sinni.

Reykjavík, 17. júlí 2000.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson
formaður ráðgjafarnefndar.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Umferð um Baldursnes, frá Hlíðarbraut að Óðinsnesi, fær forgang gagnvart umferð úr hliðargötum með biðskyldu.

Frá og með 1. ágúst 2000 verða 6 ný bifreiðastæði við Túngötu milli Bankastígs og Strandgötu gjaldskyld og frá og með 1. október 2000 verða 4 ný bifreiðastæði við Strandgötu milli Geislagötu og Ráðhústorgs gjaldskyld.